

**110** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens 8. ágúst hvalveiðamanns frá 1896, útgefið á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 8. ágúst 1908.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabrjefi Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 11. mars 1896, og var upprunaleg upphæð hans 1500 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896«.

2.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 2500 kr.; þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð, sem til er tekin í 2. tölulið, skal ávalt leggja  $\frac{1}{10}$  ársvaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta vaxtanna skal varið til viðhalds vegarkafnanum milli Flateyrar og Breiðadalsár, þannig að vegarkafnanum sje ávalt haldið í góðu standi að öllu leyti með þessum fjárstyrk ásamt því, sem hreppurinn leggur til viðhalds veginum samkvæmt gildandi reglum.

4.

Hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins og gjörir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vesturisafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir 1. mars næsta ár á eftir.

5.

Höfuðstól sjóðsins skal ávalt ávaxta í skuldabryfum, útgefnum eða trygðum af landssjóði Íslands eða íslensku bæjarfjelagi eða í útlendum ríkis- eða sveitarfjelagaskuldabryfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbryfum landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minsta kosti sömu hlunninda sem nú hjá landssjóði, að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggjum sparisjóði eða banka.

Öll verðbrjef sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins og bera áritun stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega **110** konungsstaðfesting á henni. 8. ágúst

*St. í Kristjánú, 19. apríl 1907.*

*Hans Ellefsen.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens **111** hvalveiðamanns, útgefin á venjalegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 8. 8. ágúst 1908.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabryði Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 4. júlí 1903, og var upprunaleg upphæð hans 10000 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns«.

2.

Þau ár, er Mosvallahreppur hefir skatttekjur af hvalveiðarekstri, skal leggja ársvextina við höfuðstólinn. Höfuðstólinn, svo sem hann er nú eða kann að verða með viðlögðum vöxtum, má ekki síðar skerða.

3.

Þá er vextirnir eiga ekki að leggjast við höfuðstólinn samkvæmt 2. tölu-lið, skal verja þeim á þann hátt, er hjer segir:

a. Svo lengi sem menn, sem greiða háan skatt, flytja ekki inn í hreppinn eða verksmiðjur, verslanir eða önnur fyrirtæki eru sett þar á stofn, er gera hreppnum að verulegum mun auðveldara en nú að annast sómasamlega hina almennu fátækraframselsu, sje vöxtunum varið til þess að styrkja hreppinn til þess að standa straum af sveitarþyngslunum og bæta fátækraframsferið.

b. Þegar hreppurinn hins vegar, eins og vikið er að í staffið a, getur annast hina almennu fátækraframselsu fullkomlega sómasamlega án þess að íþyngja tilfinnanlega almenningi í hreppnum, skal verja vöxtunum að helm-